

**32. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
11. ágúst 2016 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Þórunn María Örnólfsdóttir aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 1602055 - Byggðasafnið - framtíðarsýn**

Forstöðumaður menningar- og safnamála upplýsir um stöðu mála varðandi málefni mannvirkja Byggðasafns.

Forstöðumaður greinir einnig frá fyrirspurn sem barst varðandi uppsetningu líkans.

*Forstöðumaður lagði fram minnisblað til sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs varðandi viðhaldspörf og framkvæmdir á mannvirkjum Byggðasafnsins.*

*Fyrirspurn varðandi uppsetningu líkans rædd.*

**2. 1604095 - Rekstur kaffihúss á Byggðasafninu í Görðum (Garðakaffi)**

Forstöðumaður menningar- og safnamála leggur fram tillögu um framlengingu á samningi um rekstur á kaffihúsi á Byggðasafninu.

*Menningar- og safnanefnd samþykkir tillögu forstöðumanns menningar- og safnamála. Forstöðumanni falið að ganga frá samkomulagi. Jafnframt leggur nefndin til að forstöðumaður endurskoði opnunartíma safnaskála í vetur.*

**3. 1512253 - Írskir dagar 2016**

Forstöðumaður menningar- og safnamála greinir frá framkvæmd hátíðarinnar.


*Menningar- og safnanefnd þakkar verkefnastjóra Írskra daga og forstöðumanni menningar- og safnamála ásamt öllum þeim sem komu að hátíðinni í ár fyrir vel unnin störf.*

**4. 1503240 - Merkingar á útilistaverkum og öðrum markverðum stöðum**

Forstöðumaður menningar- og safnamála kynnir mismunandi möguleika á útfærslum merkinga.

Forstöðumaður leggur fram tillögu um staðsetningu á listaverki eftir eistneskan eldsmið.

*Menningar- og safnanefnd felur forstöðumanni menningar- og safnamála að láta útbúa skilti til prufu fyrir merkingar á húsum Byggðasafnsins skv. tillögu forstöðumanns.*



Nefndin leggur til að tillaga garðyrkjustjóra um staðsetningu verði höfð til hliðsjónar við uppsetningu verksins Ilmapuu eftir eistneska listamanninn Ivar Feldmann. Menningar- og safnanefnd þakkar Ivar Feldmann fyrir verkið.

**5. 1512175 - Listaverkasafn Akraness**

Forstöðumaður menningar- og safnamála greinir frá stöðu mála.

Forstöðumaður fór yfir stöðu mála.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. . 18 <sup>15</sup>

TRÖNDUR D. ÞORHALLSSON  
GUDRÖNUR SIGURSSON  
Jónella Sigmjónsdóttir  
Þærun Macía Órnólfsdóttir  
Helga Kristín Björgólfsson  
Guðmundur Ólafsson  
Allu Míniá Gunnarsd.